

Erna Kristjánsdóttir

## Þjónustukönnun Faxaflóahafna fyrir smábátaeigendur sem eru eða hafa verið notendur að aðstöðu Reykjavíkur- og/eða Akraneshafnar



*Ljósmynd: Andrés Hafberg*

**Faxaflóahafnir sf.**

**Mars 2019**

## Formáli

Þjónustukönnun Faxaflóahafna sf. fyrir útgerðir smábáta í Reykjavík og á Akranesi er hér með framkvæmd í fyrsta sinn. Könnunina framkvæmir Erna Kristjánsdóttir og eftirleiðis verður könnunin framkvæmd á fimm ára fresti. Markmið þjónustukönnunarinnar er að afla upplýsinga frá smábátaeigendum sem eru í útgerð í Reykjavík og á Akranesi, þannig að hægt sé að fylgjast með þróun og breytingu í útgerð smábáta á hafnarsvæðinu. Núverandi aðstaða smábátaeigenda í Reykjavík er á eftirfarandi stöðum: Suðurbugt, Norðurbugt og á Verbúðarbryggju. Hins vegar er núverandi aðstaða smábátaeigenda á Akranesi við flotbryggjur á Akranesi.

Útgerð smábáta hefur smátt dregist saman síðustu árin og er það von Faxaflóahafna að með þessari könnun verði hægt að móta stefnu um framtíðarstarfsemi smábáta við Reykjavík og Akranes.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
1. Inngangur .....	5
2. Aðferðafræðin .....	5
2. Skilgreining á smábát .....	5
3. Niðurstöður könnunar .....	5
3.1 Hvaða ár byrjaðir þú útgerð? .....	5
3.2 Hver er þín heimahöfn? .....	6
3.3 Veiðirðu allt árið í kring eða að hluta? .....	6
3.4 Hversu mörg störf eru í landi á vegum útgerða báts (beitning-netavinna-rekstur)?.....	6
3.5 Ertu að nýta löndunarkrana við löndun? .....	6
3.6 Selur þú aflann í gegnum Fiskmarkaðinn í Reykjavík / á Akranesi? .....	7
3.7 Ertu með aðstöðu í verbúðunum eða einhver staðar á hafnarsvæðinu? .....	7
3.8 Hvernig líkar þér aðstaðan á Akranesi? .....	8
3.9 Hvernig líkar þér aðstaðan í Reykjavík?.....	8
3.10 Hvernig myndi þér líka við að færa viðlegu smábáta úr Suðurbugt í Vesturbugt? (framan við Sjóminjasafnið).....	9
3.11 Hefurðu íhugað að flytja starfsemi þína til annarrar hafnar síðustu 12 mánuði? .....	9
3.12 Ert þú hlynntur að geta stundað sölu beint úr bát?.....	10
3.13 Myndir geta hugsað þér selja beint frá báti? .....	10
3.14 Hvernig finnst þér umferðamál og umferðarteningar í kringum hafnarsvæðið Reykjavík? .....	11
3.15 Hvernig finnst þér umferðamál og umferðarteningar í kringum hafnarsvæðið á Akranesi .....	11
3.16 Telur þú nauðsynlegt að til staðar séu bílastæði fyrir smábátaeigendur til að geyma bíla meðan verið er að róa? .....	12
3.16 Átt þú vagn fyrir þinn bát?.....	12
3.17 Til að fækka vögnum, telur þú möguleika á að þú gætir samnýtt vagn sem gæti tekið upp flestar gerðir smábáta? (Vagn sem smábátæigendur sameinuðust um að kosta til og reka).....	13
3.18 Hvernig telur þú að hægt sé að auka smábátaútgerð í Reykjavík / á Akranesi? .....	13
3.19 Hvaða aðstöðu skortir helst fyrir aðkomubáta sem stunda róðra? .....	14
3.20 Hversu sáttur ert þú við gjaldskrá varðandi aflagjöld, rafmagn og vigtargjöld? .....	14
3.21 Eru einhverjar athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri við Faxaflóahafnir sf.? .....	14
Samantekt.....	15
Myndaskrá.....	16

## 1. Inngangur

Í upphafi skýrslunnar er stutt kynning á þeim aðferðum sem notaðar voru til að safna gögnum sem og svæðið sem afmarkaði þá smábátæigendur sem heyrðu undir könnunina. Einnig er farið inn í þær spurningar sem lagðar voru fyrir smábátæigendur ásamt því hvernig unnið var úr gagnavinnslunni. Sérstakar spurningar í formi athugasemda ásamt niðurstöðum eru kynntar í lok skýrslunnar.

## 2. Aðferðafræðin

Í upphafi gagnaöflunar voru forsvarsmenn smábátæigenda í Reykjavík og á Akranesi boðaðir á fund með Faxaflóahöfnum. Á fundinum var kynnt fyrir forsvarsmönnum smábátæigenda að Faxaflóahafnir hefðu hug á því að útbúa þjónustukönnun fyrir smábátæigendur sem eru eða hafa verið notendur á aðstöðu í Reykjavík eða á Akranesi. Óskað var eftir tengiliðalista frá Axeli Helgasyni formanni Landssambands smábátæigenda fyrir hafnarsvæðið Reykjavík og Jóhannes Simonsen, formanni Smábátafélag Akraness fyrir hafnarsvæðið á Akranesi. Niðurstöður urðu þær að einn heildarlisti yfir smábátæigendur fyrir Reykjavík og Akranes var fengin frá Axeli Helgasyni, formanni Landssambands smábátæigenda. Staðlaður spurningalisti sem innihélt samtals 30 spurningar var sendur út rafrænt til smábátæigenda. Notast var við Google forms til að halda utan um svörin. Smábátæigendum voru gefnir 3 vikur til að svara þjónustukönnuninni og áminning var send út viku fyrir lok könnunarinnar.

## 2. Skilgreining á smábát


Smábátur er skilgreindur sem bátur sem getur verið allt að 30 brt. (brúttó tonn), sem algengast er að sé byggður úr trefjaplasti en smábátar eru þó líka til úr stáli og tré. Trébátum fer fækkandi. Smábátar stunda aðallega bolfisksveiðar þ.e. veiðar á þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Bátar í krókaflamarki geta verið allt að 30 brt. og á þeim stundaðar línu-, handfæra-, grásleppu- og makrílveiðar.

## 3. Niðurstöður könnunar

Alls tóku þátt í þjónustukönnuninni 21 smábátæigendur í Reykjavík og á Akranesi. Það er rúmlega 1/3 þeirra sem spurningarlistinn var sendur á, en hann var sendur til alls 53 smábátæigenda. Af þeim sökum eru niðurstöður háðar annmörkum, þar sem ekki er hægt að yfirfæra þær á heildina vegna dræmrar þátttöku. Hins vegar geta Faxaflóahafnir nýtt sér þessar upplýsingar á uppbyggilegan hátt, þ.e. með því leiðarljósi að bæta aðstöðu fyrir smábátæigendur. Útgerð smábáta hefur átt undir högg að sækja síðustu ár þar sem nýliðun í þessari útgerð verður sífellt erfiðar. Endurnýjun innan stéttarinnar virðist hæg og því vert að halda utan um þessa úgerð með alúð þar sem um langa atvinnuhefð og menningu er að ræða.

### 3.1 Hvaða ár byrjaðir þú útgerð?


Áhugavert að sjá að þeir sem tóku þátt í þjónustukönnuninni, byrjuðu útgerð á árunum 1969-2016. Það sem vekur athygli er hins vegar að ekki hefur verið mikil endurnýjun á markaði af smábátæigendum.



MYND 1 – HVAÐA ÁR BYRJAÐIR ÞÚ ÚTGERÐ?

### 3.2 Hver er þín heimahöfn?


Af þeim smábátáeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 52,4 % sem áttu heimahöfn í Reykjavík, 38,1 % á Akranesi og rúmlega 9,5 % í Sandgerði. Áhugavert var að sjá að flestir sem svöruðu könnuninni höfðu gert út í meira en 15 ár. Það styður en frekar undir þær stoðir að nýliðun þessara útgerða hefur minnkað.



MYND 2 – HVER ER ÞÍN HEIMAHÖFN?

### 3.3 Veidirðu allt árið í kring eða að hluta?

Af þeim smábátáeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru um 81 % sem veidir aðeins hluta af ári á meðan 19 % veidir allt árið í kring. Langflestir smábátáeigendur virðast vinna einir um borð í skipi sínu eða um 57 %. Um 38 % smábátáeigenda virðast vinna tveir saman og um 5 % virðast vinna þrír saman.



MYND 3 – VEIÐIRÐU ALLT ÁRIÐ Í KRING EÐA AÐ HLUTA?


### 3.4 Hversu mörg störf eru í landi á vegum útgerða báts (beitning-netavinna-rekstur)?

Af þeim smábátáeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru um það bil 18 % sem sögðu að störf á landi væri hálf starf, um 12 % sem sögðu eitt starf og um 12 % sögðu strandaveiði. Erfitt var að vinna úr svörum, þar sem hún var mjög ónákvæm miðað við fyrri svör.

### 3.5 Ertu að nýta löndunarkrana við löndun?

Af þeim smábátáeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru um allir sem sögðust nýta löndunarkrana við löndun. Um 38 % smábátáeigenda töldu löndunaraðstöðu vera sæmilega, um 43 % töldu hana góða og 19 % töldu hana mjög góða. Engin af smábátáeigendum töldu löndunaraðstöðu Faxaflóahafna ábótavant. Hins vegar


komu þó nokkrar uppástungur fyrir Faxaflóahafnir hvernig fyrirtækið gæti gert betrum bætur á löndunaraðstæðum: *Mann á kranann, stilla krananum þannig að auðvelt sé að horfa niður í smábáta, aðgengi að ís og umhirðu krana, betri lýsingu, sturtu aðkomu fyrir aðkomumenn og hafa opnunartíma lengri.*



MYND 4 – ERTU AÐ NÝTA LÖNDUNARKRANA VIÐ LÖNDUN?

### 3.6 Selur þú aflann í gegnum Fiskmarkaðinn í Reykjavík / á Akranesi?


Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 71,4 % smábátaeigenda afla sinn í gegnum Fiskmarkaðinn í Reykjavík / á Akranesi. Hins vegar eru samanlagt 28,6% smábátaeigenda sem nota aðrar leiðir til að selja afla sinn.



MYND 5 – SELUR ÞÚ AFLANN Í GEGNUM FISKMARKAÐINN Í REYKJAVÍK / Á AKRANESI?

### 3.7 Ertu með aðstöðu í verbúðunum eða einhver staðar á hafnarsvæðinu?


Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 38,1 % smábátaeigenda með aðstöðu í verbúðunum eða einhver staðar á hafnarsvæðinu. Sú aðstaða sem mest var nýtt er á Grandagarði og virðist sem aðstaðan sé nýtt sem beitingaraðstaða, geymsla fyrir veiðafæri og ýmislegt annað tengt útgerð. Hins vegar voru 61.9 % smábátaeigenda sem voru með enga aðstöðu. Ef slík aðstaða væri fyrir hendi, þá höfðu allir þessari aðilar áhuga að nýta slíka aðstöðu.



MYND 6 – ERTU MEÐ AÐSTÖÐU Í VERBÚÐUNUM EÐA EINHVERSTAÐAR Á HAFNARSVÆÐINU?

### 3.8 Hvernig líkar þér aðstaðan á Akranesi?


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 12,5 % sem fannst aðstaðan sæmileg, 37,5 % sem fannst aðstaðan góð og 25 % sem fannst aðstaðan mjög góð. Hins vegar voru 25 % smábátæigenda á Akranesi ekki sáttir við aðstöðuna eins og staðan er í dag.



MYND 7 – HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐSTAÐAN Á AKRANESI?

### 3.9 Hvernig líkar þér aðstaðan í Reykjavík?


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 38,5 % sem fannst aðstaðan sæmileg, 15,4 % sem fannst aðstaðan góð og 15,4 % sem fannst aðstaðan mjög góð. Hins vegar voru um 31 % smábátæigenda í Reykjavík ekki sáttir við aðstöðuna eins og staðan er í dag.



MYND 8 – HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐSTAÐAN Í REYKJAVÍK?

### 3.10 Hvernig myndi þér líka við að færa viðlegu smábáta úr Suðurbugt í Vesturbugt? (framan við Sjóminjasafnið)

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 15,4 % sem voru hlutlausir við það að færa aðstöðu úr Suðurbugt í Vesturbugt, 15,4 % voru ánægðir með að færa aðstöðuna og 61,5 % sem voru virkilega ánægðir með að láta færa viðlegu smábáta úr Suðurbugt yfir í Vesturbugt. Hins vegar voru um 7,7 % smábátæigenda í Reykjavík ekki sáttir við að færa viðlegu smábáta úr Suðurbugt yfir í Vesturbugt.




MYND 9 – HVERNIG MYNDI ÞÉR LÍKA VIÐ AÐ FÆRA VIÐLEGU SMÁBÁTA ÚR SUÐURBUGT Í VESTURBUGT?

### 3.11 Hefurðu íhugað að flytja starfsemi þína til annarrar hafnar síðustu 12 mánuði?

Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni höfðu 28,6 % smábátæigenda íhugað að flytja starfsemi sína til annarra hafna síðustu 12 mánuði. Þær hafnar sem þeir höfðu áhuga á að flytja starfsemi sína til eru í eftirfarandi bæjarfélögum: *Hafnarfirði*, *Kópavogi*, *Vestfirðir*, *Skagaströnd* og *Snæfellsnes*. Áhugavert var að stjá að 71,4 % smábátæigenda höfðu ekki íhugað að flytja starfsemi sína til annarrar hafnar síðustu 12 mánuði.






MYND 10 – HEFURÐU ÍHUGAÐ AÐ FLYTJA STARFSEMI ÞÍNA TIL ANNARRAR HAFNAR SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI?

Landssamband smábátaeigenda hefur unnið að því að smábátaeigendur fái tækifæri til að selja slægðan fisk beint til neytenda í öllum höfnum á landinu. (beint úr bát).

### 3.12 Ert þú hlynntur að geta stundað sölu beint úr bát?


Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 81 % hlynntir því að geta stundað sölu beint úr bát. Hins vegar voru 19 % smábátaeigenda sem ekki voru hlynntir því að geta stundað sölu beint úr bát.



MYND 11 – ERT ÞÚ HLYNNTUR AÐ GETA STUNDAÐ SÖLU BEINT ÚR BÁT?

### 3.13 Myndir geta hugsað þér selja beint frá báti?


Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 76,2 % se, gátu hugsað sér að selja beint frá báti. Hins vegar voru 23,8 % sem gátu ekki hugsað sér að selja beint frá báti.



MYND 12 – MYNDIRÐU GETA HUGSAÐ ÞÉR AÐ SELJA BEINT FRÁ BÁTÍ?

### 3.14 Hvernig finnst þér umferðamál og umferðarteningar í kringum hafnarsvæðið Reykjavík?


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 42,9 % smábátæigenda sem fannst umferðarmál og umferðarteningar mjög slæm í kringum hafnarsvæðið í Reykjavík, 21,4 % fannst þau slæm, 21,4 % voru hlutlausir. Hins vegar voru 14,3 % smábátæigenda sem fannst umferðamál og umferðateningar í kringum hafnarsvæðið í Reykjavík góðar.



MYND 13 – HVERNIG FINNST ÞÉR UMFERÐAMÁL OG UMFERÐATENINGAR Í KRINGUM HAFNARSVÆÐIÐ Í REYKJAVÍK?

### 3.15 Hvernig finnst þér umferðamál og umferðarteningar í kringum hafnarsvæðið á Akranesi


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 14,3 % smábátæigenda sem fannst umferðarmál og umferðarteningar mjög góð í kringum hafnarsvæðið á Akranesi, 71,4 % fannst þau góð, 14,3 % voru hlutlausir. Athyglisvert var að sjá að engum fannst umferðamál og umferðateningar á Akranesi vera ábótavant.



MYND 14 – HVERNIG FINNST ÞÉR UMFERÐAMÁL OG UMFERÐATENINGAR Í KRINGUM HAFNARSVÆÐIÐ Á AKRANESI?

### 3.16 Telur þú nauðsynlegt að til staðar séu bílastæði fyrir smábátæigendur til að geyma bíla meðan verið er að róa?


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 95,2 % sem fannst nauðsynlegt að til staðar séu bílastæði fyrir smábátæigendur til að geyma bíla meðan verið er að róa. Hins vegar fannst 4,8 % smábátæigenda það ekki skipta máli.



MYND 15 – TELUR ÞÚ NAUÐSYNLEGT AÐ TIL STAÐAR SÉU BÍLASTÆÐI FYRIR SMÁBÁTÆIGENDUR TIL AÐ GEYMA BÍLA MEÐAN VERIÐ ER AÐ RÓA?

### 3.16 Átt þú vagn fyrir þinn bát?


Af þeim smábátæigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 66,7 % smábátæigenda sem áttu vagn fyrir bátinn sinn. Vagninn var geymdur á eftirfarandi stöðum hjá smábátæigendum: Faxaflóahöfnum, Snafara, Stafnesi, Örfirisey eða á öðru geymslusvæði. Hins vegar voru 33,3 % smábátæigenda sem áttu engan vagn fyrir sinn bát.



MYND 16 – ÁTT ÞÚ VAGN FYRIR ÞINN BÁT?

**3.17 Til að fækka vögnum, telur þú möguleika á að þú gætir samnýtt vagn sem gæti tekið upp flestar gerðir smábáta? (Vagn sem smábátaeigendur sameinuðust um að kosta til og reka)**

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni voru 57,9 % sem svöruðu því að þeir gætu hugsað sér að samnýta vagn sem gerður væri fyrir flestar tegundir smábáta. Hins vegar voru 42,1 % smábátaeigenda sem alls ekki gátu hugsað sér að samnýta vagn með öðrum smábátaeigendum.



MYND 17 – TIL AÐ FÆKKA VÖGNUM, TELUR ÞÚ MÖGULEIKA Á AÐ ÞÚ GÆTIR SAMNÝTT VAGN SEM GÆTI TEKIÐ UPP FLESTAR GERÐIR SMÁBÁTA?

**3.18 Hvernig telur þú að hægt sé að auka smábátaiúngerð í Reykjavík / á Akranesi?**

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni, þá komu þeir fram með eftirfarandi uppástungur um það hvernig hægt væri að auka smábátagerð í Reykjavík / á Akranesi:

- Laga / Bæta viðleguaðstöðu
- Auka viðlegupláss fyrir aðkomubáta og stærri báta.
- Lækka viðlegugjald
- Læst bílastæði fyrir smábátaeigendur, nálægt viðlegu
- Leyfa strandveiði allt árið í kring / Aðrar veiðar stundaðar samhliða
- Verja smábátahöfnina betur

- Ósk er gerð um framtíðarstefnu smábátastarfsemi fyrir Reykjavík og Akranes.


### 3.19 Hvaða aðstöðu skortir helst fyrir aðkomubáta sem stunda róðra?

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni, þá fannst þeim helst skorta eftirfarandi fyrir aðkomubáta til að stunda róðra:

- Aðstöðu vantar alveg fyrir aðkomubáta
- Læst bílastæði fyrir eigendur aðkomubáta, nálægt viðlegu
- Beituskúra
- Klósett og sturtu
- Verja smábátahöfnina betur

### 3.20 Hversu sáttur ert þú við gjaldskrá varðandi aflagjöld, rafmagn og vigtargjöld?

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu, þá voru aðilar misjafnlega sáttir við gjaldskrá Faxaflóahafna varðandi aflagjöld, rafmagn og vigtargjöld. Þegar aflagjöld eru skoðuð þá virðist sem að flestir séu annað hvort hlutlausir eða ósáttir, þ.e. 15 smábátaeigendur. Hins vegar voru 5 smábátaeigendur sáttir við gjaldskrána fyrir aflagjöld. Þegar rafmagnsgjöld eru skoðuð þá virðist sem að flestir séu hlutlausir eða ósáttir gjöldin, þ.e. 16 smábátaeigendur. Hins vegar eru 4 smábátaeigendur sáttir við gjaldskrána fyrir rafmagnsgjöld. Þegar vigtargjöld eru skoðuð þá virðist sem að flestir séu hlutlausir eða ósáttir við gjöldin, þ.e. 16 smábátaeigendur. Hins vegar eru 4 smábátaeigendur sáttir við gjaldskrána fyrir vigtargjöld.



MYND 18 – HVERSU SÁTTU ERT ÞÚ VIÐ GJALDSKRÁ VARÐANDI AFLAGJÖLD, RAFMAGN OG VIGTARGJÖLD?

### 3.21 Eru einhverjar athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri við Faxaflóahafnir sf.?

Af þeim smábátaeigendum sem svöruðu þjónustukönnuninni, þá vildu þeir koma eftirfarandi á framfæri við Faxaflóahafnir:

- Huga þarf að betri viðlegu fyrir smábátaeigendur
- Afslátt fyrir eldri borgara
- Afsláttur fyrir smábáta sem geymdir eru við flotbryggjur utan vertíðar
- Hafnargjöld of há
- Mætti bæta manni við að á krana til að hífa upp úr bátum og þrifa eftir löndun (kór, kassa og hafnaraðstöðu)
- Ósk er gerð um framtíðarstefnu smábátastarfsemi fyrir Reykjavík og Akranes.

## Samantekt

Í febrúar 2019 var í fyrsta sinn framkvæmd þjónustukönnun fyrir smábátæigendur sem eru eða hafa verið notendur á aðstöðu í Reykjavík eða á Akranesi. Alls tóku 21 af 53 smábátæigendum þátt í könnuninni með því að svara stöðluðum spurningum er varðar þeirra smábátarekstur. Af þeim sökum eru niðurstöður ekki að fullu marktækar, þar sem ekki er hægt að yfirfæra þær á heildina vegna drægrar þátttöku. Hins vegar munu Faxaflóahafnir nýta sér þessar upplýsingar á uppbyggilegan hátt, þ.e. með því leiðarljósi að betrubæta aðstöðu fyrir smábátæigendur í framtíðinni.

Áhugavert var að sjá hversu lítil nýliðun hefur verið í smábátaútgærð á þessari öld og vekur það upp spurningar hvað sé hægt að gera svo að snú þeirri þróun við. Smábátaútgærð setur svip sinn á hafnarlífið, enda hefur þessi útgærð verið stór hluti snar þáttur í íslensku mannlífi í gegnum aldirnar. Reykjavík og Akranes sem heimahafnir virðist halda sínum sess hjá smábátæigendum og virðist sem að aðkomubátar komi á báða staði til að landa. Því þarf að huga vel að þeirri aðstöðu sem smábátæigendur kalla eftir: *Aðkomu fyrir aðkomubáta, beituskúra, klósett og sturtur, bílastæði fyrir smábátaaðila nálægt viðlegu og svo að verja smábátahöfnina betur gegn veðri og vindum*. Smábátæigendur kölluðu eftir því að stöðugildi væri útbúið á vegum Faxaflóahafna til aðstoða þá á krana við uppskipun, sem og við þrif á körum og hafnarbakka eftir löndun. Formaður Snarfara hafði samband eftir að könnun var send út og lýsti yfir að þeir gætu aðstoðað þegar kæmi að bátalyftu/vagn. Snarfari keypti slíkt tæki á síðasta ári (kostar 35-50 m. kr.) og getur þjónustað alla smábáta á svæðinu, sé áhugi fyrir því.

Verbúðirnar virðast heilla smábátæigendur og væru þeir til í að fá aðstöðu þar til að geta unnið við sýna vinnu. Möguleiki væri að útbúa sameiginlegt rými eða þá aðskilið. Það virtust flest allir vera sammála að umferðamál og umferðateningar á hafnarsvæðinu í Reykjavík væru mjög ábótavant en hins vegar á Akranesi virtust aðilar vera sátt við þetta. Það er ósk smábátæigenda að hafa aðstöðu til að leggja bílum á meðan á veiði stendur, helst nálægt viðlegu þannig að ekki þurfi að bera þung veiðafæri langa leið. Það virðist vera óskastaða smábátæigenda að færa viðlegu úr Suðurbugt í Vesturbugt fyrir framan Sjóminjasafnið. Með því væri hægt að skapa farsæla lausn fyrir smábátæigendur að selja beint úr báti. Hins vegar yrði að koma upp aðstöðu, t.d. svipaðri og í Þórshöfn í Færeyjum, til að slíkt gæti gengið eftir. Nýta mætti þá aðstöðu enn frekar yfir sumartíman fyrir aðra viðburði.

Heilt yfir virðast þeir smábátæigendur sem tóku þátt í þjónustukönnuninni sáttir við aðstöðuna í Reykjavík og á Akranesi. Hins vegar má alltaf gera betur og væri hugmynd fyrir Faxaflóahafnir í samstarfi við eigendur smábáta að fara vinna heildstæða stefnu um smábátastarfsemi í höfninni, þ.e. hvernig hægt sé að styrkja þá starfsemi í höfuðborginni og á Akranesi.

## Myndaskrá

MYND 1 – HVAÐA ÁR BYRJADIR ÞÚ Í ÚTGERÐ?.....	5
MYND 2 – HVER ER ÞÍN HEIMAHÖFN?.....	6
MYND 3 – VEIÐIRÐU ALLT ÁRIÐ Í KRING EÐA AÐ HLUTA? .....	6
MYND 4 – ERTU AÐ NÝTA LÖNDUNARKRANA VIÐ LÖNDUN? .....	7
MYND 5 – SELUR ÞÚ AFLANN Í GEGNUM FISKMARKAÐINN Í REYKJAVÍK / Á AKRANESI? .....	7
MYND 6 – ERTU MEÐ AÐSTÖÐU Í VERBÚÐUNUM EÐA EINHVERSTAÐAR Á HAFNARSVÆÐINU? .....	8
MYND 7 – HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐSTAÐAN Á AKRANESI? .....	8
MYND 8 – HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐSTAÐAN Í REYKJAVÍK? .....	9
MYND 9 – HVERNIG MYNDI ÞÉR LÍKA VIÐ AÐ FÆRA VIÐLEGU SMÁBÁTA ÚR SUÐURBUGT Í VESTURBUGT?.....	9
MYND 10 – HEFURÐU ÍHUGAÐ AÐ FLYTJA STARFSEMI ÞÍNA TIL ANNARRAR HAFNAR SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI? .....	10
MYND 11 – ERT ÞÚ HLYNNTUR AÐ GETA STUNDAÐ SÖLU BEINT ÚR BÁTI? .....	10
MYND 12 – MYNDIRÐU GETA HUGSAÐ ÞÉR AÐ SELJA BEINT FRÁ BÁTI? .....	11
MYND 13 – HVERNIG FINNST ÞÉR UMFERÐAMÁL OG UMFERÐATENINGAR Í KRINGUM HAFNARSVÆÐIÐ Í REYKJAVÍK?.....	11
MYND 14 – HVERNIG FINNST ÞÉR UMFERÐAMÁL OG UMFERÐATENINGAR Í KRINGUM HAFNARSVÆÐIÐ Á AKRANESI?.....	12
MYND 15 – TELUR ÞÚ NAUÐSYNLEGT AÐ TIL STAÐAR SÉU BÍLASTÆÐI FYRIR SMÁBÁTAEIGENDUR TIL AÐ GEYMA BÍLA MEÐAN VERIÐ ER AÐ RÓA?.....	12
MYND 16 – ÁTT ÞÚ VAGN FYRIR ÞINN BÁT? .....	13
MYND 17 – TIL AÐ FÆKKA VÖGNUM, TELUR ÞÚ MÖGULEIKA Á AÐ ÞÚ GÆTIR SAMNÝTT VAGN SEM GÆTI TEKIÐ UPP FLESTAR GERÐIR SMÁBÁTA? .....	13
MYND 18 – HVERSU SÁTTU ERT ÞÚ VIÐ GJALDSKRÁ VARÐANDI AFLAGJÖLD, RAFMAGN OG VIGTARGJÖLD?.....	14